



Bandalag Íslenskra listamanna

Federation of Icelandic artists

Reykjavík 17. ágúst 2026

Minnispunktur fyrir fund með Rúnari Frey Gíslasyni, formanni menningarráðs, og Arnfríði Sólrúnu Valdimarsdóttur, skrifstofustjóra menningarborgar á menningar- og íþróttasviði Reykjavíkurborgar, miðvikudaginn 19. ágúst kl. 15.00.

Óskað er eftir því að minnispunktarnir verði jafnframt sendir öllum fulltrúum í menningarráði til upplýsingar.

Upphaf – nýtt menningarráð

BÍL vill byrja á því að óska nýju menningarráði Reykjavíkurborgar innilega til hamingju með að vera komið til starfa. Við fögnum því sérstaklega að Reykjavíkurborg hafi nú komið á fót sérstöku menningarráði sem getur gefið menningarmálum þann tíma, rými og þá athygli sem málaflokkurinn þarf. BÍL hlakkar til góðs og uppbyggilegs samstarfs við ráðið um eflingu menningarlífs í Reykjavík. Við teljum það mikilvægt skref í átt að því markmiði að Reykjavík verði raunveruleg menningarborg – borg þar sem listir og menning eru ekki aukaatriði heldur einn af grunnþáttum borgarsamfélagsins. BÍL vill eiga gott og reglulegt samtal við menningarráð og leggja sitt af mörkum til að móta metnaðarfulla menningarstefnu og skýrari forgangsriðun.

Fundurinn er fyrst og fremst ætlaður til að ræða menningarstyrki og nýjar áherslur. Þó vill BÍL nota tækifærið til að leggja fyrir ráðið nokkur mikilvæg mál sem m.a. voru rædd á samráðsfundi BÍL með fráfarandi borgarstjóra, Heiðu Björgu Hilmisdóttur, þann 14. janúar 2026, auk annarra mála sem BÍL telur mikilvægt að koma á framfæri við nýtt menningarráð.

1. Menningarstyrkir – nýtt fyrirkomulag og aukið fjármagn

BÍL fagnar því að fjárhæð menningarstyrkja Reykjavíkurborgar hafi hækkað á undanförunum árum og telur það mikilvægt skref í rétta átt. Á sama tíma er ljóst að fjárhæðin hefur ekki haldið í við þá þróun sem orðið hefur í menningarlífi borgarinnar, fjölgun íbúa, aukna eftirspurn eftir styrkjum og vaxandi umfang starfsemi á sviði lista og menningar.

Árið 2018 voru 66,5 m.kr. til úthlutunar úr menningarstyrkjum Reykjavíkurborgar. Sú fjárhæð samsvarar um 98,4 m.kr. á núvirði. Árið 2025 voru 110,6 m.kr. til úthlutunar. Á sama tíma hefur umfang umsókna aukist verulega. Á síðasta ári bárust 225 umsóknir og sótt var um styrki fyrir

samtals rúmlega 390 m.kr. Þetta sýnir glögglega að eftirspurn eftir stuðningi borgarinnar er mun meiri en það fjármagn sem er til ráðstöfunar.

BÍL telur mikilvægt að horft sé á menningarstyrki sem fjárfestingu í menningarlífi borgarinnar. Styrkirnir skapa forsendur fyrir listsköpun, nýsköpun og fjölbreytt menningarstarf og hafa áhrif langt út fyrir þau verkefni sem hljóta beina styrkveitingu. Öflugt og fjölbreytt menningarlíf er jafnframt mikilvægur þáttur í lífsgæðum íbúa og aðdráttarafli borgarinnar.

BÍL telur jafnframt mikilvægt að fyrirkomulag sjóðsins verði endurskoðað þannig að skýrara verði hvaða áherslur liggja að baki úthlutunum, hvernig faglegt mat fer fram og hvernig tryggt sé að fjármagnið nýtist sem best.

BÍL leggur til:

- að fjárhæð menningarstyrkja verði hækkuð verulega og taki mið af raunverulegri þörf og umfangi umsókna;
- að fjármögnun sjóðsins taki mið af fjölgun íbúa í Reykjavík og vaxandi umfangi menningarstarfsemi í borginni;
- að umsóknarferlið verði endurskoðað og einfaldað, bæði fyrir umsækjendur og þá sem annast mat á umsóknum;
- að faglegt mat, gagnsæi og skýrleiki í úthlutunum verði styrkt;
- að skýrari áherslur og markmið verði sett fyrir sjóðinn þannig að umsækjendur hafi betri upplýsingar um hvaða verkefni og áherslur borgin vill styðja;
- að skoðað verði hvort rétt sé að aðskilja menningarstyrkina frá almennri fjárstýringu borgarsjóðs og gera sjóðinn að sjálfstæðari menningarsjóði með skýrara hlutverk og faglegri umgjörð;
- að menningarráð hafi skýrt hlutverk við mótun áherslna og eftirfylgni með sjóðnum.

BÍL telur mikilvægt að nýtt menningarráð nýti tækifærið til að fara yfir fyrirkomulag menningarstyrkja í heild sinni. Markmiðið ætti að vera að skapa gagnsætt, faglegt og skilvirkt kerfi sem styður við fjölbreytt menningarlíf og tryggir að Reykjavíkurborg geti áfram verið mikilvægur bakhjarl sjálfstæðrar listsköpunar og menningarstarfsemi.

2. Listmenntun barna og ungmenna – tónlist, myndlist og dans

BÍL vill leggja sérstaka áherslu á listmenntun barna og ungmenna og mikilvægi þess að börn í Reykjavík hafi raunverulegt og jafnt aðgengi að tónlistar-, myndlistar- og listdansnámi.

Þetta er í beinu samhengi við menningarstefnu Reykjavíkurborgar, þar sem lögð er áhersla á að allir íbúar hafi jöfn tækifæri til að njóta lista og menningar, bæði sem þátttakendur og neytendur. BÍL telur að þessi áhersla þurfi einnig að ná skýrt til virkrar þátttöku barna í listnámi.

Tónlistarmenntun

Tónlistarskólar í Reykjavík hafa þurft að takast á við verulegan samdrátt í framlögum borgarinnar. Samkvæmt nýlegri ályktun Tónlistarskólanna hafa framlög Reykjavíkurborgar, miðað við breytingar á launavísitölu, dregist saman um rúmlega 50% frá 2008 til 2024, á sama tíma og íbúum borgarinnar fjölgaði um 16%.

Þetta er á skjön við við samþykktu stefnu Reykjavíkurborgar um framtíðarskipan tónlistarnáms til 2030, þar sem lögð er áhersla á að fjölga börnum sem eiga kost á tónlistarnámi, jafna aðgengi milli hverfa og draga úr kostnaðarþátttöku fjölskyldna.

BÍL telur mikilvægt að borgin fylgi eigin stefnu eftir með fjármagni og tryggi tónlistarskólunum rekstrargrundvöll til að fjölga nemendum og bæta aðgengi að náminu.

Myndlistarmenntun

Myndlistaskólinn í Reykjavík hefur um árabil gegnt mikilvægu hlutverki í myndlistarmenntun barna og ungmenna í samstarfi við Reykjavíkurborg. Skólinn hefur meðal annars starfrækt myndlistarsmiðjur í völdum leik- og grunnskólum í samstarfi við skóla- og frístundasvið borgarinnar.

BÍL telur mikilvægt að þetta samstarf verði styrkt og tryggt til lengri tíma. Myndlistaskólinn þarf fyrirsjáanlegt samningsumhverfi við Reykjavíkurborg svo hann geti skipulagt starf sitt og tryggt börnum aðgang að vandaðri myndlistarmenntun. Núverandi samningur um starfsemi skólans er til eins árs, frá ágúst 2026 til júlí 2027.

BÍL vill jafnframt vekja athygli á því að breytingar á samstarfi borgarinnar við Myndlistaskólann og grunnskólana hafa haft veruleg áhrif á starfsemi skólans og tekjugrundvöll hans. Mikilvægt er að borgin horfi á myndlistarmenntun sem hluta af grunnlistmenntun barna en ekki sem tímabundið verkefni sem háð er árlegum samningum.

Listdans

BÍL telur jafnframt mikilvægt að listdansnám verði viðurkennt sem hluti af grunnlistmenntun barna. Í dag er staða listdansins frábrugðin tónlistarnámi og mörgum öðrum frístundum hvað varðar stuðning Reykjavíkurborgar.

Það skapar ójafnræði fyrir börn sem velja dansnám. Aðgengi barna að listnámi á ekki að ráðast af því hvaða listgrein þau velja. Listdans gegnir mikilvægu hlutverki í listrænum þroska, sköpun, hreyfingu, félagsfærni og velferð barna og ætti að njóta sambærilegs stuðnings og aðrar grunnlistgreinar.

BÍL leggur til að Reykjavíkurborg móti heildstæða stefnu um listmenntun barna og ungmenna þar sem tónlist, myndlist og dans njóti jafnræðis og skýrs stuðnings.

Markmiðið ætti að vera að:

- tryggja jafnt aðgengi barna að tónlistar-, myndlistar- og dansnámi, óháð efnahag, búsetu eða öðrum aðstæðum;
- tryggja tónlistarskólum, Myndlistaskólanum í Reykjavík og dansskólum fyrirsjáanlegt og sanngjarnt rekstrar- og starfsumhverfi; efla samstarf sjálfstætt starfandi listaskóla við grunnskóla og frístundastarf;
- tryggja að listdansnám verði viðurkennt sem hluti af grunnlistmenntun barna;
- tryggja að listmenntun sé aðgengileg öllum börnum og taki mið af ólíkum þörfum og bakgrunni barna, þannig að inngilding og jafnræði verði grundvallarþættir í skipulagi og framkvæmd listnáms;
- og samræma fjármögnun listmenntunar við markmið Reykjavíkurborgar um inngildingu, jafnræði og aðgengi að menningu og listum.

BÍL telur að listmenntun eigi að vera grunnþáttur í uppeldi og menntun barna í Reykjavík. Ef Reykjavík ætlar að vera menningarborg þarf hún ekki aðeins að styðja við atvinnulistina heldur einnig að taka þátt í að skapa næstu kynslóð listafólks og tryggja öllum börnum tækifæri til að upplifa, læra og skapa í gegnum listir.

3. Bókmenntaborgin og Bókmenntavefurinn

BÍL telur að Bókmenntaborgin hafi áður verið öflugri og sýnilegri í bókmenntalífinu og mikilvægt sé að styrkja starf hennar og samstarf við höfunda og bókmenntasamfélagið. Bókmenntaborgin gegnir mikilvægu hlutverki í að efla bókmenntalíf í Reykjavík og tengja saman höfunda, lesendur, menningarstofnanir og grasrótarstarf.

BÍL vill jafnframt vekja athygli á stöðu Bókmenntavefs Borgarbókasafnsins. BÍL hefur fengið ábendingar um að ekki standi til að uppfæra vefinn og að hann hafi orðið laskaður eftir flutning milli kerfa. Erfitt sé að rata um hann og mikilvægar upplýsingar um bókmenntalíf og höfunda séu þar með síður aðgengilegar.

BÍL telur gríðarlega mikilvægt að halda Bókmenntavefnum lifandi og tryggja honum viðeigandi viðhald og uppfærslur, ekki síst á tímum þegar hefðbundin bókmenntaumfjöllun í fjölmiðlum hefur dregist saman. Vefurinn gegnir mikilvægu hlutverki við að miðla upplýsingum um íslenskar bókmenntir, höfunda og viðburði og er mikilvægur sýnileikavettvangur fyrir bókmenntalífið í borginni.

BÍL leggur til að Reykjavíkurborg:

- styrki starf og stöðu Bókmenntaborgar UNESCO;
- efla samstarf Bókmenntaborgar við höfunda og bókmenntasamfélagið;

- tryggi áframhaldandi rekstur, viðhald og uppfærslu Bókmenntavefsins;
- og líti á vefinn sem mikilvægan menningarlega innviði og sýnileikavettvang fyrir bókmenntalíf borgarinnar.

4. Skólabókasöfn og bókakostur barna

BÍL vill einnig vekja athygli á stöðu skólabókasafna í grunnskólum Reykjavíkur. Þrátt fyrir að lög kveði á um að í öllum grunnskólum skuli vera skólabókasafn er mikill munur á því hvernig þau eru útfærð og hvaða faglega starf fer þar fram.

Skólabókasöfn eru allt frá öflugum menningar- og lestrarvettvangi yfir í mjög lítil rými þar sem lítið er um faglegt starf, útlán eru ekki skráð og takmörkuð umsjón er með bókakosti og lestrarhvatningu. Einnig er mikill munur á því hversu miklu fjármagni skólar verja til bókakaupa.

BÍL telur að hér felist verulegt tækifæri til jöfnuðar, enda eiga öll börn að hafa sambærilegt aðgengi að vönduðum bókakosti og faglegu lestrar- og menningarstarfi, óháð því í hvaða skóla þau stunda nám.

Sama gildir um leikskólana. Vandaður bókakostur og reglulegur upplestur úr góðum barnabókum eru mikilvægur þáttur í máltöku barna, læsi og íslenskukennslu. Með fjölbreyttari nemenda- og starfsmannahópi í leikskólum borgarinnar verður jafnframt sífellt mikilvægara að tryggja að starfsfólk hafi aðgang að góðum bókakosti og geti nýtt bækur markvisst í starfi.

BÍL telur áhugavert að skoða fyrirmyndir að samstarfi bókasafna og leikskóla, meðal annars tilraunaverkefni Bókasafns Kópavogs þar sem börn í völdum leikskólum geta fengið bækur lánaðar heim af leikskólanum.

BÍL leggur til að Reykjavíkurborg:

- kortleggi stöðu skólabókasafna í borginni;
- tryggi faglegt starf, skráningu útlána og viðunandi bókakost í öllum skólabókasöfnum;
- skoði leiðir til að jafna fjárframlög til bókakaupa milli skóla;
- styrki bókakost og lestrarstarf í leikskólum;
- og skoði samstarf Borgarbókasafns við leik- og grunnskóla til að efla aðgengi barna að bókum og lestri.

5. Nýlistasafnið – safngeymsla og framtíðarrekstur

BÍL vill vekja athygli menningarráðs á alvarlegri stöðu safngeymslu Nýlistasafnsins í Völvufelli í Breiðholti. Reykjavíkurborg gerði samning við Nýlistasafnið um húsnæðið og hefur borgin síðar eignast það. Á sínum tíma var gert ráð fyrir að húsnæðið yrði lagfært og nýtt fyrir starfsemi safnsins, en nú er ástand þess orðið þannig að það er ekki lengur talið hæft til varðveislu safneignarinnar.

Nýlistasafnið hefur upplýst BÍL um rakavandamál og myglu í húsnæðinu. Verkefnastjóri safneignar hefur, samkvæmt læknisráði, ekki lengur mátt vinna í húsnæðinu og hluti safneignarinnar þarf að fara í meðhöndlun og tímabundna geymslu. Ekki hefur enn farið fram fagleg úttekt á umfangi vandans.

BÍL telur að hér sé ekki aðeins um húsnæðismál að ræða heldur brýnt varðveislu- og menningararfsmál. Reykjavíkurborg þarf að taka ábyrgð á því að safneignin sé varðveitt við viðunandi aðstæður og að fundin verði varanleg lausn á húsnæðismálum safnsins.

BÍL leggur til:

- að Reykjavíkurborg fari yfir samninginn við Nýlistasafnið og þær skuldbindingar sem borgin tók á sig varðandi húsnæðið og viðhald þess;
- að tryggð verði fagleg úttekt á ástandi húsnæðisins og gripið til nauðsynlegra aðgerða til að tryggja öryggi safneignarinnar;
- að borgin hefji með Nýlistasafninu vinnu að varanlegri lausn á safngeymslu og húsnæðismálum;
- að Reykjavíkurborg og ríkið hefji formlegt samtal við Nýlistasafnið um þríhliða samning um framtíðarrekstur safnsins.

Nýlistasafnið verður 50 ára árið 2028. BÍL telur það mikilvæg tímamót og gott tækifæri til að taka framtíð safnsins til heildstæðrar skoðunar. Safn sem hefur gegnt svo mikilvægu hlutverki í íslensku listalífi í hálfa öld á að hafa starfsumhverfi sem endurspeglar mikilvægi þess.

BÍL telur eðlilegt að stefnt verði að því að Nýlistasafnið hafi að minnsta kosti fjögur fullfjármögnuð stöðugildi, sameiginlega fjármögnuð af ríki og Reykjavíkurborg, svo safnið geti sinnt hlutverki sínu, rekið sig með faglegum hætti og dafnað til framtíðar. Núverandi rekstrarfyrirkomulag byggir að verulegu leyti á sjálfböðavinnu og hefur ítrekað reynt mjög á starfsfólk vegna mikils vinnuálags og hefur starfsfólk þurft að fara í veikindaleyfi eða hætta störfum. Slíkt fyrirkomulag er ekki sjálfbært fyrir stofnun sem ber ábyrgð á umfangsmikilli og verðmætri safneign og gegnir mikilvægu hlutverki í íslensku menningarlífi.

BÍL telur því mikilvægt að Reykjavíkurborg taki frumkvæði að því að hefja samtal við ríkið nú þegar. Markmiðið ætti ekki aðeins að vera að leysa bráðavanda vegna safngeymslunnar heldur að tryggja Nýlistasafninu þann húsnæðis- og rekstrargrundvöll sem safnið þarf til næstu áratuga.

6. 1%-reglan og opinber list í borgarrými

Opinber list er mikilvægur hluti af framtíðarsýn og þróun borgarlandslags. Listaverk í almenningssými geta mótað upplifun fólks af borginni, styrkt sérkenni hverfa og skapað tengsl milli arkitektúrs, umhverfis og samfélags. Því er mikilvægt að opinber list sé ekki aukaatriði sem bætist við í lok framkvæmda heldur hluti af heildstæðri framtíðarsýn og skipulagi borgarinnar frá upphafi.

BÍL vill taka fram að samkomulag Reykjavíkurborgar við lóðarhafa um list í almannarými hefur verið til eftirbreytni og mikilvæg byrjun í þá átt að tryggja list í nýjum hverfum og á uppbyggingarsvæðum. Samband íslenskra myndlistarmanna (SÍM) hefur um árabíl barist fyrir því að Reykjavíkurborg taki upp 1%-regluna með heildstæðum og markvissum hætti og telur nú tímabært að borgin stígi það skref til fulls.

Samkvæmt verklagsreglum Reykjavíkurborgar um samninga við lóðarhafa er gert ráð fyrir að ákveðinni fjárhæð verði varið til listsköpunar í almenningssrími. Lóðarhafi leggur til fjárhæð og Reykjavíkurborg skuldbindur sig til að leggja til jafnháa fjárhæð. Þegar fjárhæð til listsköpunar er 15 m.kr. eða hærri er meginreglan sú að haldin sé samkeppni um val á listaverki.

BÍL telur hins vegar að samkomulagið innihaldi ýmis atriði sem þurfi að rýna betur og nokkra lausa enda sem mikilvægt sé að taka á. Tími sé kominn til að taka næsta skref og innleiða 1%-regluna með heildstæðari hætti.

Eitt sem þarf að skoða sérstaklega er eignarhald og ábyrgð á listaverkunum. Samkvæmt núverandi fyrirkomulagi verða verkin eign lóðarhafa eða húsfélaga þótt Reykjavíkurborg taki þátt í fjármögnun þeirra. BÍL telur að listaverk sem fjármögnuð eru að hluta af borginni og verða hluti af borgarumhverfinu eigi fremur að vera í eigu Reykjavíkurborgar og hluti af safneign Listasafns Reykjavíkur. Þannig yrði tryggt fagleg skráning, varðveisla og viðhald verkanna til framtíðar og þau yrðu hluti af menningarsögu og borgarímynd Reykjavíkur.

Annað mikilvægt atriði er hvenær myndlistarfólk kemur að verkefnum. Að mati BÍL koma listamenn oft of seint inn í ferlið, þegar skipulag, arkitektúr og staðsetning eru þegar langt komin. Það getur haft neikvæð áhrif á endanlega útkomu, bæði hvað varðar staðsetningu verksins og möguleika listamannsins til að skapa verk sem er raunverulega samþætt umhverfinu. Það getur einnig haft áhrif á kostnað við framkvæmd verksins og leitt til þess að kostnaður sem ætti að vera hluti af undirbúningi og hönnun verkefnisins falli á listamanninn.

Forseti BÍL hefur rætt við fjölda myndlistarmanna sem hafa tekið þátt í samkeppnum eða unnið að útilistaverkum á vegum Reykjavíkurborgar og áhyggjur þeirra eru í meginatriðum þær sömu.

Þetta er stórt hagsmunamál fyrir myndlistarfólk sem og borgarbúa. Opinber listaverk eru mikilvæg atvinnutækifæri og því þarf að tryggja að listamenn komi faglega og tímanlega að verkefnunum, að ábyrgð allra aðila sé skýr og að kostnaður sem verður til vegna breytinga eða ófullnægjandi undirbúnings falli ekki á listamanninn með ósanngjörnum hætti eins og dæmi eru um. Þá er það hagur borgarbúa að vel takist til þegar ráðist er í slík verkefni.

Norræn fyrirmynd

BÍL telur að Reykjavíkurborg geti lært af borgum á Norðurlöndum sem hafa byggt upp heildstætt verklag um opinbera list. Uppsala er borg á svipaðri stærðargráðu og Reykjavík, með tæplega 250.000 íbúa. Þar er sérstök eining sem sinnir opinberri list og vinnur markvisst með list sem hluta af þróun borgarumhverfisins. 1%-reglan hefur verið innleidd með heildstæðum hætti og opinber list er samþætt borgarskipulagi frá upphafi.

Mjög áhugavert dæmi er nýtt sporvagnaverkefni Uppsala, þar sem unnið er með sérstakt listaverkefni fyrir alla leiðina. Listin er þar hugsuð sem hluti af sjálfsmynd og hönnun sporvagnakerfisins, en ekki sem viðbót sem kemur inn í lok ferlis. Þetta gæti verið áhugaverð fyrirmynd fyrir Reykjavík, ekki síst nú þegar unnið er að borgarlínu á höfuðborgarsvæðinu. Hægt væri að hugsa opinbera list inn í borgarlínuna frá upphafi og skapa þannig samfellt listaverkefni sem tengdi saman ólík hverfi og borgarrými.

Sérfræðingur á sviði listar í almannarými frá Uppsölum starfaði sem gestasérfræðingur hjá Listasafni Reykjavíkur í sumar og hefur safnið því fengið mikilvæga innsýn í verklag Uppsala. BÍL hvetur nýtt menningarráð til að fá kynningu frá safnstjóra Listasafns Reykjavíkur á þessari vinnu og þeirri þekkingu sem safnið hefur fengið inn í starfsemina, og ræða hvernig nýta meggi hana við mótun heildstæðara verklags um opinbera list í Reykjavík.

Tillaga BÍL

BÍL leggur til að Reykjavíkurborg taki upp 1%-regluna með heildstæðum hætti og hefji jafnframt, í samstarfi við BÍL og SÍM, heildstæða endurskoðun á verkferlum vegna opinberrar listar og samkeppna.

Markmiðið ætti að vera að skapa skýrt og faglegt kerfi þar sem:

- ákveðið hlutfall af fjárfestingu í nýbyggingum, viðbyggingum og endurbótum fari til listar í almannarými;
- opinber list sé hugsuð inn í verkefni frá upphafi og verði hluti af skipulagi og hönnun borgarumhverfisins;
- faglegt teymi innan borgarinnar beri ábyrgð á utanumhaldi, framkvæmd og eftirfylgni;
- listamenn komi tímanlega að verkefnum og val þeirra byggji á faglegum og gagnsæjum ferlum;
- eignarhald, ábyrgð og viðhald listaverka séu skýr frá upphafi;
- list, arkitektúr og borgarskipulag vinni saman að metnaðarfullu og lifandi borgarumhverfi.

BÍL telur að með þessu geti Reykjavíkurborg tekið mikilvægt skref í átt að markvissara og faglegra verklagi um opinbera list og skapað um leið fleiri og betri tækifæri fyrir íslenskt myndlistarfólk og heildstæðari og betri list í almannarýmum.

7. Samstarfssamningur Reykjavíkurborgar og BÍL

BÍL vill hefja samtal við Menningarráð Reykjavíkur um nýjan og metnaðarfullri samstarfssamning sem endurspeglar hlutverk BÍL sem sameiginlegra hagsmunasamtaka íslenskra listamanna og mikilvægi samtakanna fyrir menningarlíf borgarinnar.

BÍL gegnir mikilvægu hlutverki sem málsvari listafólks gagnvart stjórnvöldum, sveitarfélögum og öðrum hagaðilum. Verkefnum BÍL hefur fjölgað verulega á undanförunum árum og þau orðið bæði fjölbreyttari og flóknari. BÍL sinnir í dag umfangsmikilli hagsmunagæslu, ráðgjöf, umsögnum, stefnumótun, samráði, gagnaöflun og eftirfylgni með málefnum listafólks.

BÍL fagnar því að komið sé á reglulegu samtali og fundum milli BÍL og skrifstofustjóra menningarborgar Reykjavíkurborgar. BÍL telur mikilvægt að þessu samtali verði haldið áfram og það fest í sessi sem hluti af samstarfi borgarinnar og BÍL. Á fundunum verði meðal annars farið yfir helstu hagsmunamál listafólks, stefnumótun borgarinnar, verkefni á sviði lista og menningar og eftirfylgni með samstarfinu. Með reglulegu samtali má tryggja að sjónarmið listafólks komi tímanlega inn í stefnumótun og ákvarðanatöku borgarinnar.

Þessi aukni og markvissari samskipti endurspeгла jafnframt aukið hlutverk BÍL í samstarfi við Reykjavíkurborg. BÍL leggur til sérþekkingu, reynslu og sjónarmið listafólks í stefnumótun, ráðgjöf og ýmis verkefni borgarinnar. Því er mikilvægt að fjárhagslegur grundvöllur samstarfsins taki mið af raunverulegu umfangi þess.

BÍL óskar eftir að árlegt framlag Reykjavíkurborgar verði hækkað úr 1,5 m.kr. í 3 m.kr. og að gerður verði þriggja ára samstarfssamningur. Undanfarin ár hafa verið gerðir eins árs samningar, með það að markmiði að rýna í samstarfið og endurskoða fjárhæð framlagsins í samræmi við hlutverk og umfang starfsemi BÍL. BÍL telur nú tímabært að ljúka þeirri endurskoðun og gera þriggja ára samning sem endurspeglar umfang verkefnanna og skapar nauðsynlegan fyrirsjáanleika.

BÍL stefnir jafnframt að því að ráða framkvæmdastjóra í 50% starfshlutfall og leigja skrifstofuhúsnæði. Markmiðið er að byggja upp varanlegri starfsumgjörð, tryggja stofnanaminni og samfellu í starfseminni og skapa betri forsendur fyrir eftirfylgni með verkefnum, samskiptum og hagsmunamálum listafólks. Framkvæmdastjóri myndi jafnframt halda utan um daglegan rekstur og verkefni og styðja forseta og stjórn í stefnumótandi starfi.

Hækkun samstarfsframlagsins er mikilvæg forsenda þess að BÍL geti styrkt starfsumgjörð sína og sinnt því aukna hlutverki sem samtökin gegna í samstarfi við Reykjavíkurborg. Markmiðið er að tryggja BÍL þá lágmarksstarfsumgjörð sem þarf til að sinna hagsmunagæslu, ráðgjöf, samráði og stefnumótun með faglegum og ábyrgum hætti, auk upplýsingamiðlunar og eftirfylgni.

Inngilding er einnig mikilvægur þáttur í þessu samstarfi. BÍL samþykkti nýja inngildingarstefnu á aðalfundi 2026 með áherslu á aðgengi, jafnræði og fjölbreytni í starfsháttum og ákvarðanatöku. Innleiðing stefnunnar kallar á aukna vinnu og eftirfylgni og er hluti af því að þróa faglegri og opnari starfshætti innan BÍL.

Árið 2028 verður BÍL 100 ára. Það eru mikilvæg tímamót fyrir samtökin og íslenskt menningarlíf í heild. BÍL hefur þegar hafið undirbúning að afmælisárinu, meðal annars með skráningu og útgáfu sögu Bandalagsins og undirbúningi málþings um stöðu listafólks. BÍL óskar eftir 2 m.kr.

styrk frá Reykjavíkurborg vegna afmælisársins 2028 til að styðja við þessi verkefni og gera afmælisárið að sýnilegum og metnaðarfullum viðburði í menningarlífi borgarinnar.

BÍL er jafnframt að óska eftir auknu framlagi frá ríkinu og vinna að því að hækka aðildargjöld aðildarféлага. Markmiðið er að byggja upp sameiginlega og sjálfbæra starfsumgjörð sem gerir BÍL kleift að gegna lykilhlutverki sínu sem hagsmunasamtök listafólks.

BÍL óskar eftir

- að árlegt framlag Reykjavíkurborgar til BÍL verði hækkað úr 1,5 m.kr. í 3 m.kr.;
- að gerður verði þriggja ára samstarfssamningur;
- að reglulegir fundir BÍL og skrifstofustjóra menningarmála verði festir í sessi;
- að BÍL verði virkur samráðsaðili við mótun og endurskoðun menningarstefnu Reykjavíkurborgar;
- að inngilding, aðgengi, jafnræði og fjölbreytni verði hluti af áframhaldandi samstarfi;
- að Reykjavíkurborg styrki 100 ára afmælisár BÍL árið 2028 um 2 m.kr.

Með sterkari samstarfssamningi og traustari starfsumgjörð getur BÍL sinnt enn betur því hlutverki sem borgin nýtur nú þegar góðs af – að veita ráðgjöf, koma sjónarmiðum listafólks að stefnumótun og taka þátt í faglegu samtali um þróun menningarlífs í Reykjavík.

8. Menningarstefna Reykjavíkurborgar

BÍL vill einnig spyrja um næstu skref varðandi Menningarstefnu Reykjavíkurborgar.

Aðgerðaráætlun fyrri menningarstefnu rann út árið 2023.

- Er unnið að nýrri aðgerðaráætlun?
- Hvernig verður listafólk og hagaðilar kallaðir að þeirri vinnu?
- Getur nýtt menningarráð haft skýrara hlutverk í eftirfylgni og framkvæmd stefnunnar?

BÍL telur mikilvægt að ný menningarstefna verði ekki aðeins yfirlýsing heldur fylgi henni skýrar aðgerðir, ábyrgð, tímasetningar og fjármagn.

9. Menningarrými og húsnæði listafólks

Aðgengi að viðeigandi rýmum er ein af grundvallarforsendum þess að menningarlíf geti dafnað. Reykjavík hefur sterka stöðu sem menningarborg, en skortur á vinnustofum, æfingarrýmum, tónleikastöðum, sýningarrýmum og rýmum fyrir grasrótarstarfsemi er vaxandi vandamál. Þegar rýmin hverfa veikjast innviðir menningarlífsins og möguleikar listafólks til að skapa, æfa, sýna og þróa starf sitt.

BÍL fagnar því að Reykjavíkurborg hafi þegar ráðist í mikilvæga vinnu á þessu sviði. Úttekt Vigdísar Jakobsdóttur á húsnæðismálum sjálfstæðra sviðslista, „Rými koma með súrefni“, dregur skýrt fram húsnæðisvanda greinarinnar og setur fram raunhæfar tillögur, meðal annars um fullnýtingu rýma í opinberri eigu, nýjan sviðslistakjarna, sveigjanlegt sýningarrými og framtíðarsýn um danshús.

Jafnframt hefur Tónlistarborgin Reykjavík, í samstarfi við Samtök smærri tónleikastaða, unnið að tillögum um eflingu tónleikastaða. Reykjavíkurborg hefur samþykkt að færa þær tillögur í innleiðingarfasa og meðal annars er unnið að kortlagningu og úttekt á rekstrarumhverfi tónleikastaða.

BÍL telur mikilvægt að þessi vinna verði nú sett í sameiginlegt samhengi og mótuð heildstæð stefna um menningarrými í Reykjavík. Ekki þarf að byrja frá grunni – mikilvægar greiningar og tillögur liggja þegar fyrir. Nú þarf pólitískan vilja til að fylgja þeim eftir, forgangsraða og tryggja að borgin nýti þau rými sem hún hefur yfir að ráða með markvissum hætti.

BÍL telur jafnframt mikilvægt að horft verði sérstaklega til grasrótarinnar og ungs listafólks, sem á oft erfiðast með að finna hagkvæm rými til að hefja starfsemi og þróa verkefni. Einnig þarf að huga að því að rými nýtist þvert á listgreinar og aðgengi að þeim sé tryggt til lengri tíma.

BÍL leggur til að Reykjavíkurborg:

- móti heildstæða stefnu um menningarrými sem taki til allra listgreina;
- nýti og kortleggi rými í opinberri eigu með það að markmiði að þau nýtist betur fyrir listir og menningarstarfsemi;
- fylgi eftir tillögum úr úttekt Vigdísar Jakobsdóttur og vinnu Tónlistarborgarinnar;
- skoði möguleika á lækkun eða undanþágu frá fasteignagjöldum fyrir húsnæði sem er nýtt undir menningarstarfsemi, einkum sjálfstæð menningarrými og grasrótastarfsemi;
- tryggi að þarfir listafólks og grasrótastarfsemi komi inn í skipulag og uppbyggingu nýrra hverfa;
- móti langtímasýn um menningarrými þannig að listafólk og rekstraraðilar hafi meiri fyrirsjáanleika.

BÍL telur að aðgengi að rýmum eigi að vera grundvallarþáttur í stefnu Reykjavíkurborgar um menningarborgina. Það er ekki nóg að styrkja verkefni ef listafólk hefur ekki rými til að vinna þau. Reykjavíkurborg þarf því að líta á menningarrými sem hluta af grunninnviðum borgarinnar, líkt og aðra innviði sem gera borgarlífið mögulegt.

10. Fulltrúar BÍL í menningarráði

Forseti BÍL situr nú sem áheyrnarfulltrúi í menningarráði Reykjavíkurborgar. Nú þegar sérstakt menningarráð hefur verið stofnað óskar BÍL eftir því að fá tvo áheyrnarfulltrúa í ráðinu, líkt og áður var. Forseti BÍL yrði fastur áheyrnarfulltrúi en annar fulltrúi yrði valinn eftir því hvaða málefni eru á dagskrá hverju sinni.

Innan vébanda BÍL eru 16 fagfélög listafólks sem búa yfir ólíkri þekkingu, reynslu og sérhæfingu á sviði lista og menningar. Fyrir nýtt menningarráð væri því verðmætt að geta kallað eftir mismunandi sérþekkingu eftir því hvaða mál eru til umfjöllunar.

BÍL telur að þetta fyrirkomulag geti styrkt starf ráðsins og aukið aðgengi þess að sérþekkingu úr ólíkum greinum listalífsins. Á fundum ráðsins eru oft teknar mikilvægar ákvarðanir sem hafa bein áhrif á starfsskilyrði listafólks og menningarlífið í borginni. Með tveimur áheyrnarfulltrúum, þar sem annar er valinn eftir dagskrá hvers fundar, er betur tryggt að viðeigandi þekking, reynsla og upplýsingar komist til skila þegar mál eru rædd og ákvarðanir teknar.

BÍL telur að þetta fyrirkomulag myndi ekki aðeins gagnast listafólki heldur einnig styrkja menningarráðið sjálft og stuðla að upplýstari og faglegri ákvarðanatöku.

11. Lokaorð

BÍL vill nýta tilkomu nýs menningarráðs til að efla og dýpka samstarf Reykjavíkurborgar og BÍL og skapa vettvang fyrir markvissara samtal um þróun menningarlífs í borginni. Nýtt menningarráð gefur tækifæri til að setja skýrari áherslur, styrkja faglegt samráð og vinna að langtímasýn um Reykjavík sem öfluga menningarborg.

BÍL leggur áherslu á að vera virkur og lausnamiðaður samstarfsaðili og leggja til sérþekkingu og reynslu listafólks við stefnumótun og framkvæmd menningarmála. Þar má meðal annars nefna:

- reglulegt og markvisst samtal við menningarráð og embættismenn borgarinnar;
- þátttöku í endurskoðun og þróun menningarstyrkja;
- samstarf um heildstæðara verklag um opinbera list og 1%-regluna;
- samtal við Reykjavíkurborg og ríkið um framtíð Nýlistasafnsins;
- sameiginlega vinnu að stefnu um menningarrými og starfsaðstöðu listafólks;
- og markvissa nýtingu á þeirri sérþekkingu sem BÍL og aðildarfélög þess búa yfir.

Markmiðið er sameiginlegt: að Reykjavík sé borg þar sem listir og menning eru órjúfanlegur hluti af borgarsamfélaginu, þar sem listafólk hefur raunhæf skilyrði til að búa, starfa og skapa og þar sem íbúar hafa aðgengi að fjölbreyttu, metnaðarfullu og lifandi menningarlífi.

Fyrir hönd stjórnar BÍL



Jóna Hlíf Halldórsdóttir, forseti Bandalags íslenskra listamanna.